

Sp.

112. Breytingartillaga

[92. mál]

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga frá bráðabirgðasamkomulagi við ríkisstjórn Bretlands um veiðar breskra togara.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Aftan við tillgr. komi: Þó með þeirri breytingu, að í stað orðanna í fskj. I, 6. tl.: „Sé skip staðið að veiðum í bága við samkomulagið, getur íslenskt varðskip stöðvað það, en skal kveðja til það aðstoðarskip breskt, sem næst er, til að sannreyna málsatvik“ komi: Íslendingar hafi fulla og óskoraða lögsögu að 50 mílna fiskveiðimörkunum.